

## Keppnisreglur SFÍ fyrir landskeppnir

1. Sé landskeppni haldin í tvo daga þar sem allir hundar fá tvö rennsli gildir samanlagður fjöldi stiga til verðlauna.
2. Unghundaflokkur er fyrir hunda yngri en 3ja ára miðað við fæðingardag.
3. Hundur í B – flokki sem nær 50 stigum eða meira í einu rennsli á landskeppni keppir framvegis í A – flokki. Aðeins hundar eldri en 3ja ára hafa keppnisrétt í B-flokki.
4. A – flokkur er opinn flokkur og öllum heimilt að keppa í þeim flokki.
5. Sami hundur getur einungis keppt í einum flokki á landskeppni.
6. Í öllum flokkum skal keppt að 100 stigum.
7. Dæmt sé eftir reglum ISDS (The International Sheepdog Society).
8. Reglum þessum verður aðeins breytt með samþykki aðalfundar.

*Reglurnar voru upphaflega samþykktar samhljóða á aðalfundi SFÍ 2013. Á aðalfundi 2014 var bætt við lið 3 „Aðeins hundar eldri en 3ja ára hafa keppnisrétt í B-flokki“ og nýjum lið 6 (sem gerði það að verkum að liðir sem áður höfðu verið nr. 6 og 7 tóku númerin 7 og 8. Lísá tók saman 6.11.2014.*